

Hringrás hf., Reyðarfirði
Klettagörðum 9
104 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 21. desember 2016
UST201612-157/S.P.
08.14.02

Stöðvun starfsemi og krafa um úrbætur

Þann 15. desember s.l. fór fram eftirlit í starfsstöð Hringrásar hf., Reyðarfirði. Í eftirliti voru skráð allmörg frávík. Jafnframt kom fram að athafnasvæði fyrirtækisins er opið en ómannað og hefur verið þessi háttur verið á í nokkra mánuði. Hlið að aðstöðunni hefur verið opnað að morgni og lokað að kvöldi en enginn hefur tekið á móti viðskiptavinum, afhent kvittanir fyrir skilum á efnum eða leiðbeint um meðferð efnis. Umhverfisstofnun metur að alvarleg hætta geti skapast þar sem enginn ábyrgðarmaður er á svæðinu og engin dagleg umsjón með spilliefnamóttöku. Við skoðun á vettvangi var jafnframt mikið af spilliefnum í geymsluskemmu, s.s olíuefni, rafgeymar og ljósaperur auk málma og vélarhluta. Ekkert skipulag var að sjá, hvorki varðandi geymslu efna á réttum svæðum m.t.t. fráveitulagna né heldur að hafa samskonar efni á einum stað.

Önnur frávík er komu fram í eftirliti eru eftirfarandi:

1. **Gr. 1.1. Rekstraraðili** - Rekstraraðili er annar en fram kemur á núgildandi starfsleyfi. Um er að ræða frávík gr. 1.1. í starfsleyfi sem og 1. mgr. 27. gr. reglugerðar, nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, þar sem segir að starfsleyfi skuli gefið út á rekstraraðila.
2. **Gr. 1.2 Umfang starfsemi** – Engar skýrslur eða skráningar voru aðgengilegar eða hafa verið senda til eftirlitsaðila, þannig að unnt væri að meta umfang starfseminnar á liðnu ári.
3. **Gr. 2.2. Magn spilliefna á svæðinu** – Mikið af spilliefnum var í geymsluskemmu, ekki voru ummerki um flokkun eða undirbúning efnaflokka til flutnings.
4. **Gr. 2.5. Fráveita** – Á steypu gólfi geymsluskemmunnar var efnunum ekki þannig fyrirkomið að leki frá olíuefnum myndi berast í olíuskilju og þungmálmar o.þ.h. í lokaða söfnunarþró.
5. **Gr. 3.1. Skráningar** – Engar skráningar voru fyrirliggjandi og skýrsla þar um var ekki send til Umhverfisstofnunar fyrir 1.3.2016.
6. **Gr. 3.2. Eftirlitsmælingar** – Ekki hafa verið tekin sýni af frárenslivatni úr söfnunarþró eða olíuskiljum á árinu 2016.

Umhverfisstofnun stöðvar hér með tímabundið starfsemi Hringrás hf., Reyðarfirði, þar til ákvörðun þessari hefur verið aflétt, sbr. 5. mgr. 66. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Rekstraraðila er gefinn frestur til 4. janúar 2017 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Þar sem alvarleg hætta stafar af starfseminni og aðgerðin þolir enga bið frestar andmælaréttur ekki réttáhrifum ákvörðunninnar.

Umhverfisstofnun bendir á að skv. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skuggasundi 3, 101 Reykjavík. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, nr. 130/2011. Umhverfisstofnun vekur athyli á því að kæra skal

borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur, sbr. 2. mgr. 4. gr. laganna.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við Svövu Pétursdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á svava.petursdottir@ust.is.

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is.


Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri

Virðingarfyllt


Svava Pétursdóttir
lögfræðingur

